

VEIÐIMÁLASTOFNUNIN



Þórir Dan Jónsson

Niðurstöður hreisturlesninga á laxi veiddum
í Hvolsá og Staðarhólsá 1983, og niðurstöður
rafveiða í fiskgengum hlutum ána árin 1981-1983.

Borgarnesi
des.1983

Niðurstöður hreisturlesninga á laxi veiddum í Hvolsá og Staðarhólsá 1983, og niðurstöður rafveiða í fiskgengum hlutum ána árin 1981-1983.

I. Niðurstöður hreisturlesninga.

Alls hafa borist 25 hreistursýni. Þar af voru 8 sýni tekin af laxi sem tekinn var í gildru, en hin sýnin voru tekin af veiðimönnum. Eitt hreistursýni var óhæft til aldursgreiningar. Niðurstöður aldursákvörðunar eru sýndar í töflu hér að neðan.

Fjöldi VETRA í Fjöldi VETRA í FERSKIPTNI	1 VETUR	2 VETUR
3 VETUR		1 LAX
4 VETUR	5 LAXAR	2 LAXAR
5 VETUR.	2 LAXAR	
"GÖNGUSEIDI"	10 LAXAR	1 LAX

Eins og fram kemur í töflunni eru 10 hreistursýni af náttúrulega klöktum laxi, en 11 hreistursýni af sleppiseiðum, þar af eru 10 sýni úr sleppingu 1982, en eitt úr sleppingu 1981.

Ennfremur voru þrjú hreistursýni það óglögg að ekki reyndist unnt að ákvarða hvorum hópnun þau tilheyrðu, þ.e. náttúrulegum- eða sleppiseiðum.

Samkvæmt framangreindu er því u.þ.b. helmingur laxanna sem hreistursýni voru tekin af, af eldisuppruna.

II. Rafveiðar á fiskgengum hlutum Hvolsár og Staðarhólsár.

Jafnframt því sem fylgst hefur verið með "sumarseiðum" úr sleppingu árið 1981 (sjá "Niðurstöður rannsókna árin 1981-1983 á "sumarseiðum" er sleppt var á vatnasvæði Hvolsár og Staðarhólsár 1981") hefur lítillega verið rafveitt, í fiskgengum hluta Staðarhólsár. Tilgangur veiðanna var einungis að fylgjast með breytingum ef einhverjar yrðu, og eru rafveiðistaðirnir mismunandi stórir milli ára og því ekki hægt að bera saman fjölda rafveiddra seiða á milli ára. Einnig hafa skilyrðin til rafveiða verið mismunandi góð þessi ár. T.d. var áin mjög vatnsmikil 1982 þegar rafveitt var.

Lengdar- og aldursdreifing laxaseiðanna er sýnd á súluriti hér að aftan.

Af niðurstöðum rafveiðanna 1981-1983, svo og rafveiðanna 1979-1980 (sjá skýrslu "Hvolsá og Staðarhólsá" frá maí 1981) sést að ofarlega í Staðarhólsá veiðast aldrei vorgömul seiði og mjög fá eins árs seiði. Árin 1979, 1980 og 1982 er veitt það snemma sumars (á tímabilinu 26. júní - 11. júlí) að vorgömul seiði eru vart komin upp úr mölinni, en 1981 og 1983 er veitt 21. ágúst og 1. okt., og hefðu vorgömul seiði þá átt að veiðast ofarlega í ánni ef þau væru þar á annað borð. Við þverfell veiðast sumargömul seiði. Verður því að draga þá ályktun að lax hrygni ekki efst í Staðarhólsá. Efstu hrygningarstaðirnir séu því einhversstaðar á milli Þverfells og Kjarlaksvallanna, enda er botninn í Staðarhólsá orðinn það grýttur ofarlega að hrygningarskilyrði eru léleg efst í ánni.


Venjulega fara seiði undan straumi þegar þau ekki finna sér samastað þar sem þau eru, en í Staðarhólsá fer einhver hluti seiðanna upp eftir ánni, þar sem þau finna síðan ágætis botn, sem þau geta hafst við á.

Svo virðist sem flóð þau er voru sl. vetur hafi lítil áhrif haft á afkomu seiða, a.m.k. þar sem botninn hefur ekki hreifst.


LENGDAR- OG ALDURS DREIFING LAXASEIDA Í STADARHÖLSÁ ÁRIN 1981-1983

VIÐ ÁRMÓT KVAMMSDALIS-
OG TRÖÐARDALEÁR

STERÐ RAFVEIÐISVÆÐI = 180 m²




21/8 '81



STERÐ RAFVEIÐISVÆÐI = 80 m²

1/7 '82




STERÐ RAFVEIÐISVÆÐI = 90 m²


1/10 '83

VIÐ ÞVERFELL

STERÐ RAFVEIÐISVÆÐI = 250 m²



21/8 '81



STERÐ RAFVEIÐISVÆÐI = 36 m²

1/10 '83

3 4 5 6 7 8 9 10 11 12 13 14

LENGD í cm.